



Grænni byggð – Green Building Council Iceland

Stjórnarfundur 26

Staðsetning fundar: Zoom

Dagsetning: 15.10.2020

Mætt eru: Þórhildur, Alexandra, Elísabet Sara, Bjarni, Olga, Ragnar, Kristjana

Fundarritari: Alexandra Kjeld

Stjórnarmeðlimir:

- Alexandra Kjeld (AK) – EFLA verkfræðistofa - alexandra.kjeld@efla.is
- Bjarni Þór Þórólfsson (BÞÞ) – Búseti – bjarni@buseti.is
- Kristjana Ósk Jónsdóttir (KÓJ) – Reitir fasteignafélag – kristjana@reitir.is
- Olga Árnadóttir (OÁ) – Framkvæmdasýsla ríkisins – olga.a@fsr.is
- Ólafur Haralds Wallewik (ÓHW) – Rannsóknarstofa byggingariðnaðarins – olafurw@ru.is / olafur.w@nmi.is
- Ragnar Ómarsson (RÓM)– Verkís verkfræðistofa – rom@verkis.is
- Sigríður Ósk Bjarnadóttir (SÓB) – VSÓ ráðgjöf - sigridur@vso.is

Stjórnun og skipulagning fundar:

- Þórhildur Fjóra Kristjánsdóttir (ÞFK) – Framkvæmdastjóri Grænni byggðar – tk@graennibyggd.is
- Elísabet Sara Emilsdóttir (ESE) – Starfsmaður Grænni byggðar – sara@graennibyggd.is

Dagskrá fundar 15.10:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Fréttir úr starfinu
3. Stefna stjórnar fyrir næsta starfsár
4. Leyfi framkvæmdastjóra
5. 4. flokkur aðildar að Grænni byggð – einstaklingsaðild
6. Umsagnir Grænni byggðar
7. Önnur mál

1. Fundargerð síðasta fundar
Fundargerð síðasta fundar er samþykkt.



2. Fréttir úr starfinu

Farið var yfir helstu viðburði og/eða fréttir frá viðburðum framundan:

- Morgunfundur með IcelandSIF 28 október
- Lífum Betur 30/31 október – Grænni fjölbýli
- Loftslagsstefna fyrirtækja, hvað og hvernig – aðilafundur 6. nóvember – sérfræðingur frá UST
- Morgunfundir með IÐUNNI (29. október, BYKO og ÞG verk, 19. nóvember, Finnur og Gísli, 10. desember, Húsasmiðjan og Bjarma (ÍAV)
- Morgunfundur með UST og Reitum 12. nóvember:
- Svansvottaðar endurbætur á skrifstofuhúsnæði
- Vídeó og glærur frá Degi Grænni byggðar komið út

Einnig var farið yfir þá vinnu sem nú er í gangi:

- Vegvísir heitir nú: Byggjum grænni framtíð – vikulegir fundir og verið að undirbúa verkefnahópa
- Loftgæði og leiksskólar – könnun að klárast – 150 svör
- Verkefnavinna
 - NúllCO2 lýsing að verkefni – drög
 - Losunarlaus byggingarsvæði
 - Umsóknarfrestur í Loftslagssjóð í byrjun des
- Norræn samantekt – Noregur – Svíþjóð komið – Finnland og Danmörk í vinnslu. Borgir að sýna mikinn metnað og ætla að ná loftslagsmarkmiðum 2030, minnka losun um 90%, vera kolefnishlutlaus o.s.frv.
- Samtal við aðila: Landsvirkjun stefnir á viðburð, Húsasmiðjan, Límtré_Vírnet, Pago og Vistbyggð, Vegagerðin í næstu viku.

Rætt var um BREEAM samninginn við GB, sem er í raun trúnaðaryfirlýsing. GB fékk úttekt lögfræðings, Maríu Klöru Jónsdóttur hjá Lögfræðistofu Íslands, á samningsdrögum og einnig las Kristjana stjórnarmeðlimur yfir. Drögin snúa að eignarrétt BREEAM á upplýsingum sem samtökin deilir með GB. Eftir umræðu var ákvörðun fundarmanna að ganga að þessum samningi.

3. Stefna stjórnar fyrir næsta starfsár

Á aðalfundi 2020 var samþykkt að starfsáætlun skyldi samþykkt fyrir hvern aðalfund, og er því gengið út frá því að slík áætlun verði lögð fyrir næsta aðalfund 2021.

Ræddar voru áherslur GB og hvernig mannauði og kröftum er best varið. Mikilvægt er að móta sér stefnu, enda er viðkvæðið „you can't hit a target you don't see“. Einnig liggur fyrir vinna með „emerging status“ stöðu Grænni Byggðar í WGBC. Skilgreina þarf KPI, t.d. félagsaðild, þátttaka í viðburðum, o.fl. RÓM leggur til að taka frá tíma eftir áramót til að taka stöðuna og voru fundarmenn sammála að stefnumótun stjórnar yrði unnin út frá hugmyndavinnu aðildarfélaga á nýju ári.



Ræddar voru dagsetningar, t.d. að taka frá fyrstu umræðufundi í lok janúar / byrjun febrúar. Stefnumótunarfundur stjórnar gæti þannig farið fram t.d. miðjan mars, í tæka tíð fyrir aðalfund í apríl. RÓM tekur að sér að undirbúa þessa vinnu í samvinnu við ÞFK.

4. Leyfi framkvæmdarstjóra

ÞFK frkv.stjóri fer í leyfi í 2 mán, 15. nóvember til 15. janúar 2021. Fyrir þann tíma stendur til að ljúka við eða komast langt með eftirfarandi vinnu:

- WGBC umsókn – vinna áfram
- Norræna samantekt
- BREEAM samning – ferli og vonandi BREEAM – IS AP
- Umsóknir x2 í loftslagssjóð (mögulega PLGBC líka)
- Biðja um frest á hluta af Grænni fjölbýli til 2021

Elísabet Sara tekur að sér almennan rekstur GB og verkefnavinnu í leyfi frkv.stjóra, eða 15. nóv – 31. des. Rædd voru tækifæri í markaðsmálum (instagram, heimasíðu, fréttum o.fl.). Markmiðið væri að sýna meira hvað fyrirtæki eru að gera, og það sem GB hefur verið að framleiða undanfarið. Hvert er GB að stefna, mætti e.t.v. taka fyrir viðburði. Sýnishorn af húsum o.s.frv.

5. 4. flokkur aðildar að Grænni byggð – einstaklingsaðild

Samþykkt var að endurskrifa þurfi 4. grein laga GB um aðild og leggja fyrir næsta aðalfund, greinin hefur staðið óbreytt frá upphafi. Félagsaðild og flokkar þurfa að vera skýrir, t.d. ætti aðildþjónustan að vera skýr. Hvati þarf að vera fyrir fyrirtæki að fara í hærri flokka. Einnig þyrfti að setja í fastari skorður, svo aðild fyrirtækja gleymist ekki.

ÞFK kemur með tillögu að mismunandi þjónustu fyrir fyrirtæki. RÓM leggur til að líta til þess hvernig WGBC stillir upp mismunandi aðild. Móta fyrst þriðja flokk og hitt út frá því. 4. flokkur ætti að vera stuðningsaðild án atkvæðis (einstaklingur). Festa tekur t.d. mið af starfsmannafjölda aðila. Erlendis stundum miðað við veltu, stundum starfsmannafjölda. Ágætt að skoða þetta betur og bera saman möguleika. Einnig þarf að breyta texta á heimasíðu.

Samþykkt var að þetta verði hluti af stefnumótunarvinnu á næsta ári, mjög mikilvægt þar sem þetta tekur mikinn tíma af auðlindum.

6. Umsagnir GB

20. okt – umsagnarfrestur varðandi hlutdeildarlán. Varðar ekki endilega grænar byggingar. Hvar liggja samlegðaráhrifin, þ.e. í láni/stuðningi við efnaminna fólk? Ræddar voru hugmyndir um eðli umsagnar; gott að opna þessa leið fyrir fólk, en að það þurfi líka að opna leiðir fyrir þá sem hugsa um sjálfbærni, að þeir fái auðveldara aðgengi að lánsfé með sambærilegum hætti, t.d. núllhúsin (núll CO2) ? Til vara:



hærri lán eða rýmri skilyrði ef að húsnæði uppfyllti ákveðin umhverfisskilyrði og gengið lengra á móts við fólk á landsbyggðinni.

Lagt var til að leggja fram umsögn með fyrrgreindri nálgun.

7. Önnur mál

Engin önnur mál voru rædd. Einn fundur verður haldinn með frkv.stjóra áður en hún fer í leyfi, fundur þann 12. nóv.

Fundi slitið: